



Íslenska vitafélagið - félag um íslenska strandmenningu

Áhuaverðar heimasíður

Rétt er að benda lesendum á áhugaverðar síður á Netinu. Síðan www.sjominjar.is er síða Sambands íslenskra sjóminjasafna og hefur að geyma ýmsan fróðleik um sjóminjasöfn og sýningar.

Á www.fishernet.is er síða verkefni sem stofnun Vilhjálms Stefánssonar tekur þátt í og er evrópuverkefni um fiskveiðimenningu. Ætlunin er að þarna verði að finna umfangsmikið gagnasafn þar sem verður að finna flest það er lýtur að strand- og fiskveiðimenningu þjóðarinnar að fornu og nýju. Má þar nefna fornminjar við sjávarsíðuna, kynningu á sjóminjasöfnum, sýningum, vitum og verkefnum sem hafa verið unnin eða eru í vinnslu.

Einnig er ætlunin að safna saman sem mestu af útgefnu efni, ritgerðum, greinum og fyrirlestrum, og gera lista yfir bækur sem út hafa komið og fjalla um strand- og fiskveiðimenningu.

Gagnagrunnurinn mun því hafa að geyma í máli og myndum, jafnt efni um sjósókn, hlutverk kvenna og karla í fiskveiðimenningu, umhverfisþekkingu, vita, matarmenningu, tónlist, báta, verbúðarleiki og sjóskrímsli, svo eitthvað sé nefnt.

Með tilkomu gagnasafnsins er ætlað að auðvelda aðgengi að upplýsingum og kynningu á einum dýrmætasta þætti íslenskrar menningararfleifðar í nútíð sem fortíð.

Ef þið hafið ábendingar og/eða efni fram að færa þá er þess óskað að þið hafið samband við Stofnun Vilhjálms. sibba@unak.is eða í síma 695 1266

Íslenska vitafélagið breytir um nafn

Á aðalafundi Íslenska vitafélagsins í maí var ákveðið að breyta nafni félagsins. Það heitir nú Íslenska vitafélagið – félag um íslenska strandmenningu. Allt frá upphafi hefur félagið sinnt allri strandmenningu og því var eingöngu um litla viðbót að ræða til að undirstrika tilgang og starfsemi þess.

Ágætu félagsmenn.

Vinsamlegast sendið okkur ný og/eða breytt netföng og heimilisföng. Það sparar okkur kostnað við rekstur félagsins og auðveldar ykkur að fylgjast með starfsemi þess.

Stjórn Íslenska vitafélagsins óskar eftir áhugasömum og tölvuvænum einstaklingi til að sjá um heimasíðu og fréttabréf félagsins í samvinnu við stjórn.
Laun eru hin sömu og stjórnarmanna - ánægjan ein. :-)

Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott segir gamalt máltæki. Þannig á hrun íslensks efnahags trúlega drýgstan þátt í þeim aukna áhuga sem þjóðin hefur fengið á eigin strandmenningu. Þegar að þrengir, skýjaborgir fégræðginnar falla til jarðar og við erum óþyrmilega minnt á að við erum bara dvergriki á eyju úti í miðju Atlantshafi, þá leitar fólk eign róta og fortíðarspegilsins. Þessi aukni áhugi birtist enn sem komið er fyrst og fremst í auknum áhuga á gömlum trébátum sem síðustu áratugina hafa legið vanhirtir á fjörukambi eða undir húsvegg. Nú ber svo við að þeir tynast einn af öðrum í hús til viðgerða og aðhlyningar.

Því miður er þó ekki nóg að gert. Á öðrum stöðum er enn verið að eyðileggja báta og setja á brennur. Nægir þar að benda á örlög eikarbáta á Þórshöfn og Skagaströnd og enn er strandminjum - verbúðum, fiskibyrkjum, slippum, siglingarvörum og táknum lítill gaumur gefin. Alla þessa hluti er hægt að nota og nýta til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar. En til þess þurfum við fyrst og síðast virðingu fyrir eigin uppruna og sögu og svo skemmir frjótt ímyndunarafli ekki fyrir. Á sviði nýsköpunar og ferðaþjónustu eru tækifærin á útnárum til atvinnuuppbyggingar og nýsköpunar því mýmörg.

Strandmenning er orð sem felur ekki einungis í sér viðleitni til að varðveita það sem elst við þekkjum, heldur einnig og ekki hvað síst löngun til að koma þjóðinni á stefnumót við hafið. Við skulum huga að varðveislu fornra minja og samtímis vinna að siglingarlögum sem gera sem flestum kleift að eiga sér horn og sigla, fyrir seglum eða vél. Við eigum að treysta samband manns við öldu, vind, himinn og fjöll. En umfram allt eigum við að vera virðingu fyrir eigin sögu og þeim mikilmönnum sem bjuggu við stendur þessa lands og gerðu þjóðinni kleift að búa afskekktu úti í ballarhafi.

Tökum höndum saman hefjum strandmenninguna til vegs og virðingar og búum henni þann sess sem hún á skilið.

Aðventukveðjur,
Sigurbjörg Árnadóttir
formaður

Menningararfinn á sjó eða brennu ?

Í miðborg Reykjavíkur hafa dugmiklir bátasmiðir hreiðrað um sig í gamalli timburgeymslu og sinna þar sínu helsta hugðarefni að bjarga gömlum trébátum frá eyðileggingu. Einn af forsprökkum hópsins er Jón Ragnar Daðason, varaformaður Íslenska vitafélagsins. Þeir félagar hafa stofnað félag sem ber heitið Bátavinafélagið Súðbyrðingur. Félagið hefur leitað uppi báta sem lágu hér og þar um landið og komið þeim undir þak til viðgerðar og endurnýjunar. Nýlega tóku þeir í fóstur árabátinn Sumarliða sem smíðaður var 1867.



Á Akureyri hefur einnig orðið til hópur manna sem nú dyttar að trébátum í Gamla Slippnum og á Siglufirði var smíðaður bátur í sumar. Smíðin var hluti samvinnuverkefnis Síldarminjasafnsins og Bátaverndarmiðstöðvar Norður Noregs í Gratangen. Báturinn er með eyfirska laginu og var farið í öllum aðalatriðum eftir “Bát Soffíu á Nesi” sem smíðaður var í Slippnum á Siglufirði 1934. Þessi leið er talin heppileg til að endurheimta skipulega forna þekkingu í hefðbundinni bátasmiði.

Til tals hefur komið að stofna deild innan Íslenska vitafélagsins fyrir þá sem sérstakan áhuga hafa á þessum þætti strandmenningar. Hafir þú áhuga á að vera í þeim hópi hringdu þá í: Jón Ragnar Daðason s. 691 3002 og Þorsteinn Pétursson s. 699 1950

Enn brýtur og brennir hönd eyðileggingarinnar.

Það hefur verið lenska landans að farga eikarbátum með fáum undantekningum. Meðan að Húsafriðunarsjóður greiddi fyrir uppbyggingu húsa greiddi Úrelðingarsjóður fyrir förgun báta. Heilir bátar voru sagaðir niður og þeir settir á áramótabrennur. Þetta er sorgar saga og í raun glæpur þjóðar gegn eigin sögu - og enn er þjóðin að. Nýverið var fyrsta frambyggða eikarbátum sem kom frá Slippstöðinni á Akureyri fargað. Á síðunni www.aba.is stendur m.a.

”Árið 1960 var smíðaður frambyggður stokkbyrtur eikarbátur hjá Slippstöðinni á Akureyri. Báturinn var smíðaður fyrir Pál A. Pálsson, hrefnuskyttu á Akureyri. Hann var fyrst og fremst byggður með hrefnuveiðar í huga en var jafnframt búinn til hefðbundinna veiða. Björgvin var fyrsti stokkbyrti þilfarsbáturinn, sem Slippstöðin hf. smíðaði og jafnframt fyrsti frambyggði báturinn, sem smíðaður er hérlandis.

Ævi þessa merka báts lauk nú á hustdögum þegar Niðurstaðan varð því sú að Skagstrendingar réðust á bátinn þar sem hann stóð í slippnum á Skagaströnd, fjarlægðu úr honum allt járnverk og brutu skrokkin niður i frumeindir sínar. Sú sorglega staðreynd blasir því við að búið er að ganga á milli bols og höfuðs á fyrsta frambyggða þilfarsbátum smíðuðum á Íslandi.

Það er vafasamur heiður fyrir Skagaströnd að hafa hent einni blaðsíðu úr þróunarsögu skipasmíða á Íslandi á sama tíma og þá vantar verkefni til nýsköðunar og atvinnuuppbyggingar.

Ort við byggingu Lundeyjarvita á Skjálfanda 1955

Vitar á Íslandi sem nýlega kom út á vegum Siglingastofnunar geymir margs konar upplýsingar um vita við Íslandsstrendur og byggingu þeirra. Þar á meðal er sagt frá Lundeyjarvita á Skjálfanda. Á vef Siglingastofnunar segir að fyrsti vitinn hafi verið byggður 1955 og hafi það verið þrífótur úr tré með gashylkja skúr milli hornstoða og eins metra háu ljóskeri. Í því hafi verið 300 mm díoptrísk linsa og gasljóstæki. Var svo vitinn endurbyggður árið 1977.

Einn þeirra sem unnu við byggingu þessa þrífætta vita árið 1955 var Einar Einarsson, djákni í Grímsey sem er fyrsti djákni sem vígður var á Íslandi. Einar á sér merkilega sögu sem ekki verður rakin hér en vísað til bókar Péturs Sigurgeirssonar um Grímsey. Pétur segir frá því að 23. apríl 1961 hafi Einar verið vígður djákni í Grímsey en hann þjónaði því embætti fram til 1967 eða í sex ár. Pétur lýsir því að þennan vígsludag hafi verið hátíðisdagur í Grímsey og þangað hafi verið kominn Sigurbjörn Einarsson, biskup til þess að vígja fyrsta djáknann á Íslandi um langan aldur, Einar Einarsson frá Syðri Fljótum í Meðallandi en Einar kom upphaflega til eyjarinnar 1953. Í fylgd með biskupi var prófasturinn, séra Sigurður Stefánsson, vígslubiskup og æskulýðsfulltrúinn séra Ólafur Skúlason. Einar stóð fyrir framan altarið, klæddur svartri djáknakápu og með bæen og handayfirlagningu var hann Guði falinn og vígður djákni.

Einar var mjög hagur til munns og handa og kom víða við sem smiður. Meða annars sá hann um að endurbyggja kirkjuna að Bægisá en gagnger endurbót fór fram á þeirri kirkju 1956 og hún þá endurvígð. Einar gerði tréskurðarmyndina á útihurðinni en hún sýnir Jesú í bátum, þegar hann kyrrði vind og vatn. Einar skar líka út prédikunarstólinn og skírnarfontinn.

Einar vann meðal annars við að reisa vita víða um land m.a. á Bjargtöngum 1948 og í Lundey á Skjálfanda 1955. Einnig Fjallaskagavita við Dýrafjörð 1954 en þar útbjó Einar þrjá legsteina á leiði franskra sjómanna. Til er bragur eftir Einar sem hann samdi þegar undirbúa átti byggingu Lundeyjarvita. Ekki var lendum í Lundey þegar vitaskipið Hermóður kom með leiðangursmenn og var legið á Húsavík í fimm daga og beðið veðurs áður en lendum þótti í Lundeyjar. Ekki reyndist lendingin betri en svo að flestir komu hraktir og sjóblautir til baka. Einar ásamt með fleirum gróf holu til að kanna jarðveginn og þegar grafið hafði verið á aðra mannhæð án þess að komið væri niður á fast var hætt við að byggja vitann í Lundey en ákveðið að hann skyldi byggður á Húsavíkurhöfða en þrífótur reistur í Lundey (hálfviti) og fjallar bragurinn um þennan leiðangur

Okkur vantar tvær fyrstu línurnar í síðustu vísuna og væri fengur að ef einhver kann þennan brag og gæti látið okkur vita.

Far vel þú Lundey þú blíða og bjarta með blómin sem fegurst á morgnana skarta. Þar lundinn sé grefur gryfjur með klónum og Gréta trítlaði á rauðu skónum

Pitt stórfengi gerði mig stórlega hissa ég stansaði á þúfunum rétt til að pissa og fýsti að prófa hve gljúp væri grundin og gróf mér því holu rétt eins og lundinn

En þá fann ég landvætta léttan anda sem lýsti að mér vildi frá sér banda og mér var ofraun sá mikli kraftur og mokaði ofan í holuna aftur

Sagt er að fólkíð í framkvæmdahita fýsi jafnvel að byggja þar vita. En þeir munu flýja og hafa á hraðann og hrökklast svo rassvotir burtu þaðan

Ef kvelur þig óró og armæðan kalda upp skaltu þegar á Lundeyju halda og viljirðu njóta sumars og sælu þá sestu þar helst að í norðaustan brælu

... En góðlendi þetta mun gnæfa sem viti gerður af steinum og fugladriti

...